

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

23. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki fimmtudaginn 5. mars 2020, Austurvegi 67, Selfossi kl. 15:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Helga Sighvatsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búason, Birgir Edwald, Óðinn K. Andersen og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Hrund Harðardóttir boðaði forföll.

- 1) Eiríkur Steinn fór yfir efni fundarins. Nefndin þarf að móta umsögn um skýrsluna að lokinni yfirferð með hönnuðum.
- 2) Farið yfir frumhönnunarskýrslu og teikningar. Nokkur atriði sem þarf að fjalla um: byggingarlýsing, framkvæmdatími og kostnaður. Umræða um þökin og halla þeirra út frá endingu og viðhaldi. Gæta þarf að því að hurðirnar verði ekki of háar. Rennihurðir hafa reynst vel sem útidyrhurðir. Umræða um þakglugga og mikilvægi birtustýringar. Huga þarf vel að efni í rofum. Umræða um lofthæð í æfingasal tónlistarskólans og opnun á milli sala út frá því hvernig tónlistin skilar sér á milli sala.
- 3) Umræða um fjöldatölur og mikilvægi þess að byggingarnefndin fái upplýsingar um uppfærðar fjöldatölur til næstu ára.
- 4) Umræða um framkvæmdatíma og val á milli tveggja leiða, þ.e. A og B. Einnig fjallað um breidd ganga og rifjað upp það sem kom fram á síðasta fundi. Vilji er fyrir því að skoða að samþykkja flutning á tveimur rýmum úr 2. í 1. Áfanga en hafna annari stækkun sem af frumhönnun hefur hlotist. Farið í nokkur álitamál sem koma fram hjá hönnuðum og taka þarf gott samtal með þeim. Óskað verði eftir því við hönnuði að þeir skoði betur kostnaðaráætlun og leiti leiða til kostnaðarlækkunar 1. áfanga. Nefndin vill halda í þann tímaramma og markmið sem sett voru fram í útboðsgögnum.
- 5) Eiríkur Steinn og Arna Ír eða Tómas Ellert ásamt Atla Marel munu funda með hönnuðum á morgun eða strax eftir helgi. Í framhaldi af fundinum verður boðaður fundur með byggingarnefndinni allri og hönnuðum.

Fundi slitið kl. 16:25